

Alþingi
Erindi nr. P 135/2052
komudagur 8.4.2008

Þskj. 705 – 442. mál

Frumvarp til laga um þróunarsamvinnu Íslands

Umsögn Hjálmars Jónssonar, Jóns Skaptasonar, Katrínar Ásgrímsdóttur og Sigfúsar Ólafssonar, stjórnarmanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

Undirritaðir stjórnarmenn vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um þróunarsamvinnu Íslands:

1. gr. Varðandi almenn ákvæði 1. gr. er því fagnað að Alþingi hyggist vinna áfram eftir núverandi stefnu íslenskra stjórnvalda að byggja á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Lokamálsliður 2. mgr. er hins vegar lýsandi fyrir einn helsta galla frumvarpsins, sem er blöndun friðargæslu saman við þróunaraðstoð, einkum tvíhliða þróunaraðstoð. Þótt segja megi að þróunarsamvinna og friðaruppbygging eigi margt sameiginlegt er hér um gerólíka hluti að ræða, bæði að því er varðar forsendur og framkvæmd. Betra væri ef allt sem lýtur að friðargæslu og framkvæmd hennar yrði haft í sérstökum lögum um friðargæslu.

2. gr. Engar athugasemdir.

3. gr. Fagnaðarefni er að utanríkisráðherra leggi annað hvert ár fram áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Æskilegt væri hins vegar að binda einnig í lög í hvaða hlutföllum framlög til þróunarsamvinnu eigi að skiptast milli fjölþjóðlegrar og tvíhliða samvinnu eða með hvaða hætti slík skipting skuli ákveðin. Tvíhliða þróunarsamvinnna byggist á langtímaáætlunum og ÞSSÍ gæti reynst erfitt að starfa með skipulegum hætti og gera skuldbindandi samninga til langs tíma ef ekki liggur ljóst fyrir hvernig fjárveitingum til hennar verður háttáð. Verkefni ÞSSÍ eru oft langan tíma í undirbúningi og byggja á langtímasamningum sem krefjast vissu um það hver framlög til stofnunarinnar verði.

4. gr. Ólíklegt verður að telja að nokkur samfella gæti orðið í vinnu samstarfsráðs af því tagi sem gert er ráð fyrir í 4. gr., einkum ef það kemur aðeins saman tvisvar á ári. Hætt er

við að slíkir fundir takmörkuðust við almennar umræður um þróunarmál, sem ættu betur heima á ráðstefnum sem ÞSSÍ gæti staðið að með aðkomu fleiri aðila, eins og verið hefur. Einkum er ólíklegt að samstarfsráðið hefði forsendur til þess að meta hvaða skipting sé eðlileg milli fjölþjóðlegrar og tvíhliða samvinnu, eins og gert er ráð fyrir í greininni, þar sem slík ákvörðun kallar á grandskoðun bindandi samninga sem ÞSSÍ hefur gert og tillögum sem borist hafa frá samstarfsríkjum og starfsmönnum um framtíðarverkefni.

5. gr. Engar athugasemdir

6. gr. Lög nr. 73/2007 um íslenska friðargæslu og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu standa óbreytt skv. frumvarpinu. Eins og fram kemur í athugasemd við 1. gr. verður að telja heppilegt að skýr skil séu milli starfsemi íslensku friðargæslunnar og ÞSSÍ, ekki síst vegna þess ágreinings sem iðulega ríkir um friðargæslustörf, bæði hérlandis og erlendis. Sé þetta tvennt ekki aðskilið er hætt við að ágreiningur um friðargæslustörf kunni að kveikja óróa um störf ÞSSÍ, sem hingað til hefur verið sátt um.

7. gr. Stjórnarmenn sjá ekki nauðsyn þess að fella niður sjálfstæða stjórn Þróunarsamvinnustofnunar. Tilvist stjórnar yfir stofnuninni er ekki markmið í sjálfu sér en kostir núverandi fyrirkomulags eru margir. Má meðal annars nefna eftirfarandi:

a. **Sjálfstæði.** Sérstök stjórn veitir Þróunarsamvinnustofnun aukna festu, sem er stofnunninni nauðsynleg til þess að hún geti starfað án þess að þurfa að taka mið af hagsmunum sem varða ekki hana sjálfa, verkefni hennar eða samstarfslönd.

b. **Pólítísk sátt.** Þverpólítísk stjórn, sem kosin er hlutfallskosningu af Alþingi, hefur frá upphafi átt ríkan þátt í því að tryggja pólítíska sátt og samstöðu um málaflokkinn og störf ÞSSÍ.

c. **Bein tengsl við Alþingi.** Þótt samskipti milli stjórnar ÞSSÍ og Alþingis hafi aldrei verið mikil stafar það ekki síst af því að starfsemi ÞSSÍ hefur gengið afar vel og um störf hennar og verkefni hefur ríkt góð pólítísk sátt. Ekki er víst að svo verði áfram ef verkefni stofnunarinnar verða ofin inn í íslenska utanríkispólítík og aðra hagsmunagæslu eins og stefnt virðist að með frumvarpinu. Ef frumvarp þetta verður að lögum verður enn

mikilvægara en áður að Alþingi hafi beina aðkomu að umsjón með málefnum stofnunarinnar.

d. **Styrkur fyrir verklag ÞSSÍ.** Til þessa hefur það verið verkefni stjórnar ÞSSÍ að afgreiða fjárhagsáætlanir, velja úr verkefnum sem tillögur eru gerðar um af hálfu samstarfslanda og starfsmanna, afgreiða alla verksamninga og undirbúningssamninga og fara yfir framvinduskýrslur og úttektir á verkefnum. Sú skylda starfsmanna að leggja fram greinargóð skjöl á borð við verkefnislýsingar og framvinduskýrslur hefur stuðlað að vönduðum og öguðum vinnubrögðum. Ekki verður séð að neitt komi í staðinn fyrir þetta nákvæma eftirlit í fyrirliggjandi frumvarpi.

e. **Eftirlit af hálfu löggjafar- og fjárveitingarvaldsins.** Farsælla verður að telja að löggjafar- og fjárveitingarvaldið velji fulltrúa til eftirlits með ráðstöfun fjármuna almennings en að stýrihópi innan utanríkisráðuneytisins verði falið að leggja mat á eigin störf.


8. gr. Engar athugasemdir.


9. gr. Engar athugasemdir.


10. gr. Engin athugasemd önnur en að ítreka það sem sagt er um þriðju grein varðandi skiptingu milli fjölbjóðlegrar og tvíhliða samvinnu.


11. gr. Engar athugasemdir.

12. gr. Engar athugasemdir.


Hjálmar Jónsson


Jón Skaptason


Sigfús Ólafsson


Katrín Ásgrímsdóttir